

YOKO  
ONO

07.10.2016–  
05.02.2017

EIN  
SAGA  
ENN...  
ONE  
MORE  
STORY...

REYKJAVÍKUR  
HAFNARHÚS  
LISTASAFN  
ART MUSEUM

# YOKO ONO EIN SAGA ENN...

Yoko Ono er leiðandi myndlistarmaður á sviði tilrauna og framúrstefnu. Hún er iðulega tengd við listhreyfingar sem mótuðust á sjöunda áratugnum, eins og konseptlist, gjörninga, flúxus og viðburðalist (ein fárra kvenna sem tók virkan þátt í þeim). Fyrst og fremst hefur hún þó verið frumkvöðull þess að endurskoða listhugtakið, draga listaverkið sem hlut í efa og aukinheldur að brjóta niður hefðbundna múra milli ólíkra listgreina. Með verkum sínum hefur Ono myndað nýstárleg tengsl við áhorfendur þar sem hún býður þeim að taka þátt í sköpun verkanna.

Sýningunni Ein saga enn... er ætlað að varpa ljósi á grunnþætti í yfirgripsmiklum og fjölbreyttum listferli Yoko Ono – ferðalagið gegnum sjálfa hugmyndina um myndlist, með kraftmiklum félagslegum og pólitískum undirtóni. Annars vegar eru fyrirmælaverkin sem vekja spurningar um huglæg undirstöðuatriði að baki hverju listaverki og beina athyglinni að forgengileika þess um leið og þau afhelga listhlutinn. Þá er áhorfendum boðin þátttaka til að verkin verði að veruleika. Hins vegar eru frásagnirnar sem tjá ljóðræna og gagnrýna sýn Ono.

Haustið 1955 skapaði Ono sitt fyrsta fyrirmælaverk sem hét Lighting Piece (Kveikiverk): „Kveiktu á eldspýtu og horfðu á hana brenna til enda.“ Það var þó ekki fyrr en 1961 sem hún hélt sýningu á fyrirmælamálvörkum sínum og -teikningum í New York. Þar voru sýnd nokkur verk sem hengd voru á veggina eða lágu á gólfinu og áhorfendum bauðst að meðhöndla samkvæmt fyrirmælum listakonunnar. Þeim var falið að stíga á þau eða kveikja í, svo dæmi séu tekin um gjörðir sem ætlað var að fullkomna sköpunarverkið. Ono var sjálf í galleríinu, tók á móti gestum, sýndi þeim verkin og útskýrði eðli þeirra og hlutverk áhorfandans.

Ári síðar, hélt Ono sýningu í Tókýó þar sem var krafist huglægrar þátttöku áhorfenda fremur en líkamlegrar.

Með þessari einföldun – einu af fyrstu dæmunum um konseptlist – dró Ono listhlutinn sem hið einstaka og upphafna í efa. Í staðinn fyrir að vinna með sjónræn tengsl efnis, miðils og aðferðar, líkt og þeir abstrakt listamenn sem réðu lögum og lofum í listaheiminum á þessum tíma, vann Ono út frá grunni hugmynda og hugtaka með því að nota aðeins orð sem eru í senn lýsing og skilgreining framkvæmdar en skilja um leið eftir töluvert rými, efnislega og/eða andlega, fyrir „flytjandann“.

Að orð séu útgangspunktur setur verk Yoko Ono í samhengi við bókmenntir og þá sérstaklega ljóð. Fyrirmælaverk Ono eru hins vegar ekki ljóð. Þau eru sjónræn listaverk, ný tegund myndlistar sem hún ástundaði ásamt listamönnum eins og John Cage og George Brecht. Eiginleikar þeirra sem myndlistarverk eru áréttaðir þar sem listakonnan sjálf kallar þau málverk og ennfremur þar sem þau fást við málverkið. Eitt sinn sagði Ono: „Málverkin mín, sem eru öll fyrirmælaverk (og öðrum er ætlað að vinna), komu eftir að klippimyndir, samsettar myndir og gjörningar héldu innreið sína í listaheiminn. Ef við veltum fyrir okkur eðli málverka minna sést að það má nota eitt þessara þriggja hugtaka, eða eitthvað nýtt, í staðinn fyrir orðið málverk. En mér líkar hugmyndin um málun því að hún kallar strax fram að mála, eins og að mála vegg, og það er skemmtilegt og fyndið.“ Hún þröngvar ekki fræðilegum hugmyndum um eigin verk upp á áhorfandann. Í staðinn skilur hún eftir „andrymi“ fyrir áhorfendur/þátttakendur, þannig að verk hennar verða að veruleika í gegnum ljóðræna samræðu.

Frumleiki verka Ono liggur í forgengileika þeirra, öfugt við til dæmis list Marchel Duchamp sem var einnig fyrst og fremst huglæg. Hann hélt enn í hugmyndina um listhlutinn og hið sama gerðu margir af samtímamönnum Ono. Verk hennar eru hins vegar byggð á hugmynd sem er útfærð á hlutlausan hátt, án tilfinningalegra viðda, persónulegra tenginga eða huglægni, og efnisleg útfærsla þeirra er að

stórum hluta ákvörðað af áhorfandanum/ þátttakandanum og felur að lokum jafnvel í sér upplausn/eyðileggingu verksins. Þannig eru verk Ono ferli með sinn innri tímaramma. Í listsögulegu samhengi var þetta róttæk breyting. Áður var lítið á listaverk sem upphafna, tímalausa hluti (jafnvel þótt sköpun þeirra tilheyrði tilteknum tíma listasögunnar), sem varðveittir væru í sérstökum samfélagslegum stofnunum – listasöfnum – og væru um leið hluti af valdamiklu markaðskerfi. Ono tókst markvisst á við þetta upphafna eðli listaverka, frá listrænu sjónarmiði en einnig frá samfélagslegu og pólitísku sjónarmiði. Fyrirmælaverkin, sem eru andstæða hins táknræna listaverks, geta ekki orðið söluvara.

Þótt segja megi að í þessu tilliti tengist list Yoko Ono flúxushreyfingunni á hún líka tengsl við menningarlegan bakgrunn listakonunnar í Zen-búddisma. Kjarni hans er hugleiðsla með það að markmiði að frelsa sálina úr jarðneskum fjötrum sínum. Ono skilur listræna hugarsmið sína frá efnislegu formi hennar og leggur áherslu á huglæggar og andlegar hliðar. Eftir að hafa einfaldað listaverkið niður á frumstig hugmyndarinnar lét Ono öll persónuleg stílbrigði og tjáningu í efni lönd og leið, hugmyndir hennar geta æ síðan tekið á sig hvaða form sem er og með allri mögulegri tækni. En þótt upphafspunkturinn sé hvorki efnið né tæknin er samt haldið í vissa fagurfræðilega nálgun. Sem dæmi um það má nefna notkun Ono á hvítum lit og gegnsæjum efnum. Í listasögunni er ennfremur fáséð það örlæti sem Yoko Ono sýnir áhorfendum sínum. Sum fyrirmælaverkanna bjóða upp á takmarkað frelsi til tjáningar/ útfærslu þar sem þátttakan er bundin við einfalda endurtekningu. Í öðrum verkum gefur listakonan meira svigrúm og býður áhorfendum að bæta við verkin og breyta þeim, oft á mjög persónulegan hátt. Með þessu verður listaverkið andlegt eða líkamlegt samvinnuverkefni. Listamaðurinn missir stjórn á þróun og framvindu verksins, sem fyrir vikið öðlast nýtt líf í ýmsum útgáfum. Mörg hinna hlutbundnu fyrirmælaverka á sýningunni í Listasafni Reykjavíkur voru unnin af starfsfólki safnsins. Ekkert þessara verka kom á safnið í kassa sem fullgerð og einstök frummynd hefðbundins listaverks. Ono hefur fundið upp ný listform sem hún hleður frásögnum og táknrænni

merkingu. Sum þeirra láta lítið yfir sér og reida sig, að stórum hluta, á framlag þátttakendanna. Önnur eru beinskeyttari og ágengari frá hendi Ono. Hugmyndin um eyðileggingaraflið kemur fyrir í mörgum verkum hennar, sérstaklega upp úr 1980, en oftast nær er henni fylgt eftir með vonarneista eða einhvers konar líkn. Enn önnur verk bera með sér áleitnari pólitíska og samfélagslega skírskotun. Það sem öll þessi verk eiga sameiginlegt er að þau hvetja til jafnréttis, friðar og hópaðgerða, efla meðvitund um eigin tilvist og tengsl við aðra. Listaverkin verða nokkurs konar áminning og boð um að taka ábyrga, siðferðilega og gagnrýna afstöðu.

List Yoko Ono er áskorun til hvers listasafns um að endurskoða hlutverk sitt og takmörk. Hún hvetur safnið til að endurskapa samræðuna við listamanninn og almenning. Á sýningunni Ein saga enn...er úrval fyrirmælaverka Ono frá síðastliðnum sex áratugum. Verkin eru sýnd í safninu, mótuð af hönnun hússins og starfsháttum stofnunarinnar, og öðrum verkum er miðlað í almenningssými og á samfélagsmiðlum. Þessi framsetning á fyrirmælaverkum, ásamt ljósmyndum og kvikmyndum sem dreift er til almennings fyrir tilstuðlan veraldarvefsins og snjalltækja, undirstrikar forgengilega og óupphafna eiginleika þeirra. Þótt list Yoko Ono sé opin og margþætt, drifin áfram af þörf fyrir samvinnu með öðrum, heldur hún alltaf kjarna sínum sem er ófrávikjanlegur. Að miklu leyti fást verk hennar við eðli sjálfrar listarinnar, auk trúar hennar á að okkar bíði betri tíð, „ef við bara óskum þess nógu heitt.“

Gunnar B. Kvaran

# YOKO ONO ONE MORE STORY...

Yoko Ono is a leading experimental and avant-garde artist. She has been associated with the Conceptual art, performance, Fluxus and happenings of the 1960s (one of very few women to have participated in these movements), but above all she has been a pioneer who has questioned the concept of art and the art object and has broken down the traditional boundaries between branches of art. Through her work she has created a new kind of relationship with spectators, inviting them to play an active part in its making.

The exhibition 'One More Story...' aims to reveal the basic elements that define Ono's extensive and diverse artistic career – a voyage through the notion of art itself, with a strong social and political engagement. On one hand there are the 'Instruction' pieces, which ask questions about the conceptual principles behind the work of art, highlighting its ephemerality while de-sanctifying the object, as well as enlisting the participation of spectators in its material realization. On the other hand there are the narratives expressing Ono's poetic and critical vision.

In autumn 1955, Ono composed her first Instruction work, entitled *Lighting Piece*: 'Light a match and watch till it goes out.' It was not until 1961 that she held an exhibition of her Instruction paintings and -drawings in New York City. She showed a number of canvases hung on the wall or placed on the floor, with which visitors interacted according to her instructions by stepping on them or setting fire to them, just to name a few examples of the possible actions through which she invited viewers to fulfill the creative process of the work. Present in the gallery, Ono welcomed the visitors, took them around the exhibition space and explained the nature of her works and the spectator's role.

Less than a year later, Ono held an art exhibition in Tokyo, where the spectators were invited to take part in the creative process conceptually rather than physically. With this simplification – a very early example of Conceptual art – Ono questioned the uniqueness and sanctity of the art object. Instead of working with the

visual interaction between materials, media and methods, like the abstract artists dominating the art world at the time, Ono was working from the basis of the concept, using only words that are at once a description and a definition of the action, yet still leave considerable scope for the 'performer', materially and/or mentally.

This starting point of the word links Ono's work with literature and in particular, poetry. But Ono's Instructions are not poems; they are visual artworks, a new type of art, which she shared with other contemporary artists like John Cage and George Brecht. Their nature as visual artworks is underlined by the fact that the artist herself termed them paintings, and by the fact that they deal with painting: 'My paintings, which are all Instruction paintings (and meant for others to do)', Ono has said, 'came after collage and assemblage and happening came into the art world. Considering the nature of my paintings, any of the above three words or a new word can be used instead of the word, painting. But I like the word painting because it immediately connects with "wall painting", and it is nice and funny.' But she does not intellectualize about her own works. Instead, she leaves a 'breathing space' for the spectator/participant, in which the works come into being through a lyrical dialogue.

The originality of Ono's works lies in their ephemerality. While, for example, Marcel Duchamp's art was primarily conceptual, he retained the idea of the art object, as did many of Ono's contemporaries. His works, on the other hand, are based on a concept that is outlined in a neutral manner, without psychological dimensions, personal associations or subjectivity, and their material elaboration is to a large extent determined by the spectator/participant, even allowing for the eventual dissolution/destruction of the artwork. Thus her work is a process that has a timescale of its own. In an art-historical context, this was a radical shift. Previously, the artwork was an exalted, timeless object (even though its creation belonged to a specific art-historical period), preserved in special social institutions – art museums – and part

of a powerful commercial system. Directly and indirectly, Ono addressed this exalted nature of the art object, from an artistic viewpoint but also from a social and political one. The Instructions, which are the antithesis to the symbolic artwork, escape the possibility of becoming a sellable object.

While we can say that this aspect links Ono's art to that of Fluxus, it also links to her cultural background in Zen Buddhism, whose essence is meditation with the aim of freeing the soul from its earthly fetters. Ono divorces her artistic conception from its material form and underlines its subjective, meditative qualities. After having reduced the work of art to the state of an idea, Ono abandoned any signature artistic expression and production; her ideas and concepts can be materialized in whatever form and through all possible techniques. But even though the starting point is not the material or technique, a certain aesthetic approach is retained. Her use of white and transparent materials is an example.

Also rare in art history is the generosity that Ono extends to viewers. Some of the Instructions give limited freedom of expression/expansion to the participant, where the participation is in the form of nuanced repetition. In other works, the artist gives more license, inviting viewers to add to the works or change them, often in a very personal manner. In this way, the artwork becomes a shared mental or physical project. The artist loses control of the process and evolution of the work, which acquires new life in versions made with varying degrees of creativity.

Many of the object-based Instruction works in the exhibition have been realized by the staff of the Reykjavík Art Museum. No works came to the museum in crates with the status of original, unique art objects in the traditional sense. By inventing new forms of art, Ono loads them with narratives and symbolic meaning. Some works are complex and subtle in their structure and narratives, depending largely on the input of the participants.. Others are more direct, and even violent. The notion of a destructive action appears in many of Ono's works, especially after the 1980s, but most of the time it is followed up by a sense of hope or an act of healing. Other works are more specifically socially and politically oriented. What all these works have in common is that they advocate feminism, peace and collective activism, a consciousness about one's own existence and one's relationship with the other. The works become a reminder

and an invitation to take a responsible, moral and critical standpoint.

Ono's art presents a challenge to every art museum to reconsider its nature and its limits. It urges the museum to reinvent its dialogue with the artist and the public. 'One More Story...' presents a selection of Ono's Instruction works from the last six decades. The objects are shown in the museum, framed by its architecture and mechanisms, while other works are communicated via social media. This delivery of the Instructions, photos and films to the public with the help of internet and smart phones underlines their ephemeral and de-sacralised nature.

Even though Ono's art is open and complex, driven by a need for participation with others, it always retains its core meaning, which is impossible to flee from or divert. To a large extent, her art deals with the nature of art itself, as well as her belief that there is a better future, 'if we just want it enough'.

Gunnar B. Kvaran

## Sýningarstjórn

Curator

**Gunnar B. Kvaran**

## Sýningarhönnun

Exhibition design

**Ásmundur Hrafn Sturluson**

## Verkefnisstjórn

Project manager

**Sirra Sigrún Sigurðardóttir**

## býðing

Translation

**Ingunn Snædal**

## Þakkir

Thanks

**Ástríður Helga Ingólfssdóttir**

**Fréttablaðið**

**Grand hótél Reykjavík**

**Hótél Borg**

**Hrafnista**

**Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir**

**Kvennaathvarfið**

**Landspítali**

**Leir og postulín**

**Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu**

**Mýrarhúsaskóli**

**RÚV**

**Silvija Burbaite**

**Skáksamband Íslands**

**Sorpa**

**Stígamót**

**Vesturbæjarskóli**

## Eigendum vasabrota úr

**Loforðsverkji er þakkað sérstaklega**

Special thanks to the owners

of vase fragments from *Promise Piece*

## Listamenn sem taka

**þátt í Vatnsviðburðum**

Artists participating in *Water Events*

**Egill Sæbjörnsson**

**Finnbogi Pétursson**

**Helgi Þorgils Friðjónsson**

**Hildigunnur Birgisdóttir**

**Hrafnhildur Arnardóttir aka Shoplifter**

**Hreinn Friðfinnsson**

**Margrét H. Blöndal**

**Ragnar Kjartansson**

**Rúrí**

**Sirra Sigrún Sigurðardóttir**

**Sólveig Aðalsteinsdóttir**

**Styrmir Örn Guðmundsson**

## Fyrirmæla- og þátttökuverk Yoko

**Ono 13 daga danshátíð verður birt**

**í Fréttablaðinu og á Rás 2 fyrstu tvær**

**vikur sýningarinnar. Þar er fólk hvatt**

**til þátttöku hvar sem það er statt.**

Yoko Ono's instruction- and participation

piece *13 Days Do-It-Yourself Dance Festival*

will appear in local media during the first two

weeks of the exhibition. People are invited to

participate wherever they may find themselves.

